

FORSETABRÉF

11

24. jan.

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 74. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 4. febrúar 1955, kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

12

23. marz

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „5%“ í 5. tölulið 8. gr. laganna komi: 6%.

2. gr.

Í stað „5%“ í niðurlagi 2. og 3. töluliðar 10. gr. laganna komi: 6%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.